

## FUNDARGERÐ

343. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, miðvikudaginn 23. október 2024 kl. 15:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri og Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF.

Gestir síðar á fundinum:

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF

Nigar Khaligova, sérfræðingur á fjármálasviði HEF

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum. Vilhjálmur Jónsson stýrði fundinum undir lokin þegar Ágústa þurfti að yfirgefa fundinn.

### **Dagskrá:**

- 1 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF
- 2 Útkomuspá 2024 og áætlanir
- 3 Jarðhitaleit Búlandsnesi –ákvörðun um framhald
- 4 Lítil vatnsból á starfssvæði HEF
- 5 NORDIWA 2024 – helstu tíðindi af ráðstefnu
- 6 Heimsókn til Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku
- 7 Verkefni í gangi / áætlanir
  - a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog
  - b. Fráveita á Djúpavogi
  - c. Vatnsveita Borgarfjarðar
  - d. Gerlamengun í neysluvatni í Hallormsstað
- 8 Önnur mál  
Engin önnur mál.

### **1 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF**

Málið var áður á dagskrá 342. fundar. Verkefnastjóri hefur unnið í stefnu þjónustubátta sem snúa að starfsemi veitunnar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að stefnumálum HEF í þjónustustefnu Múlaþings fyrir Borgarfjörð eystri, Seyðisfjörð og Djúpavog og felur verkefnastjóra að koma skjalinu til skrifstofustjóra Múlaþings.

*Védís Vaka yfirgefur fundinn.*

*Fjóla og Nigar koma inn á fundinn.*

### **2 Útkomuspá 2024 og áætlanir**

Farið yfir stöðu rekstrar eftir 9 mánuði 2024 og áætlanir 2025-2028:

Fyrir fundinum liggur fjárhagsstaða félagsins eftir 9 mánuði 2024 og útkomuspá 2024.

Heildartekjur eru áætlaðar 861 mkr. Gjöld eru áætluð 512 mkr. Áætluð afkoma er 316 mkr.

Stjórn samþykkir framlagða útkomuspá.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 liggur fyrir fundinum: Heildartekjur eru áætlaðar 898 mkr.

Gjöld eru áætluð 358 mkr. Rekstrarniðurstaða ársins eftir skatta er áætluð 331 mkr.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun með fyrirvara um að sjóðsstreymi og efnahagsyfirlit liggja fyrir, fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn Múlaþings (eiganda). Ástæða þessa er að vinnu með þjónustuaðila bókhaldskerfis í skýrslu- og áætlanahluta kerfisins er enn ekki lokið.

Fjárfestingaáætlun 2025-2028 liggur fyrir fundinum.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárfestingaáætlun 2025 og samþykkir til fyrri umræðu eiganda 3ja ára áætlun 2026-2028:

Ár	2025	2026	2027	2028
Áætlun um framkvæmdir [M.kr.]	894	937	967	1162
Nettó fjárfesting [M.kr.]	751	637	750	492

Áætlun um framkvæmdir skiptist þannig milli veitnanna fyrir árið 2025:

- Hitaveita 315 milljónir kr.
- Vatnsveita 86 milljónir kr.
- Fráveita 487 milljónir kr.
- Gagnaveita 6 milljónir kr.

*Fjóla og Nigar yfirgefa fundinn.*

*Glúmur mætir til fundarins.*

### 3 Jarðhitaleit Búlandsnesi –ákvörðun um framhald

Sammælt hefur verið um að fara í borun á tveimur holum. Reiknað er með að bora þær báðar í tveimur áföngum. Fyrri holan, skammt frá holu 25, verði u.þ.b. 150m djúp, er hugsuð til þess að útkljá hvort æð liggja á milli holu 25 og 28 eða hvort kerfið sé flóknara. Seinni holan verður svo boruð þar sem ÍSOR leggur til. Sé þessi æð til staðar í fyrri holunni eins og módel ÍSOR gerir ráð fyrir, þá verður farið í að dýpka seinni holuna niður á 300-400 m en þar sýnir líkanið að æðin verði skörin.

Fram að þessu er stefnt á að fara í ýmsar mælingar s.s. dælupróf á holu 25, hitamælingar á holum og þrýstímælingar á lokuðum holum.

Í kjölfarið á borunum verði ÍSOR svo fengin til að mæla nýju holurnar ásamt nokkrum eldri holum og líkanið uppfært. Þá ætti að vera grundvöllur til að staðsetja vinnsluholu á 600m+

Stefnt er að borun holanna í nóvember-desember n.k.

Umræður um framhaldið. Framkvæmdastjóra og jarðfræðingi falið að halda verkefninu áfram í samræmi við ofanritað.

### 4 Lítil vatnsból á starfssvæði HEF

Ákveðin óvissa ríkir um aðkomu HEF að nokkrum vatnsbólum í sveitarfélaginu sem eru í opinberum rekstri. Starfsemi HEF á að sumu leyti ekki mikla samleið með rekstri lítilla vatnsbola en að öðru leyti alla samleið.

Í vinnslu.

*Glúmur yfirgefur fundinn.*

## 5 NORDIWA 2024 – helstu tíðindi af ráðstefnu

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu vatnsveitna á norðurlöndum; NORDIWA 2024.

Mörg áhugaverð erindi voru á ráðstefnunni, sem haldin var í Kaupmannahöfn (DGI) 18.-20. sept. sl.:

- Gagnagrunnar, Danir mjög framarlega í gagnaöflun og -miðlun um neysluvatn.
- Öryggismál - mismundandi áherslur milli norðurlandanna.
- Áskoranir vegna vatnsgæða á Norðurlöndum og víðar. Ísland virðist hafa sloppið að mestu enn: Skordýraeitur - PFAS (eilífðarefni); Teflon, slökkvifroða, gore-tex. - Nítrat - Arsen - Legionella (hermannaveiki) - loftslagsbreytingar og minnkandi vatnsforði.
- Hermannaveiki. Þó nokkur áskorun í Skandinavíu. Nokkur dauðsföll rakin til hermannaveiki í Skandinavíu; 313 tilfelli skráð í Danmörku 2023, þar af 34 dauðsföll. Eitt tiltölulega nýlegt smit á Íslandi.
- 80% veitna á norðurlöndum þjóna færri en 500 manns.
- Lýsingatæki - almennt ekki notuð í Danmörku. Örverumengun ekki talin stórt vandamál vegna aldurs vatnsins. Meðferð vatnsins miðar mest að efnameðhöndlun.
- Okkar sérstaða (Íslands):
  - Okkar áskoranir að miklu leyti aðrar en Skandinavíu hvað varðar vatnsgæði og vatnsforða
  - Mikill munur er á fjölda efna sem mældir eru á norðurlöndunum en hér er gert.
  - Víðfem vatnsverndarsvæði þar sem landnotkun er takmörkuð.
- Í Danmörku eru vinnsluholur innan borganna sjálfra án verndarsvæða. Víða þörf fyrir margra þrepa hreinsun.

Til kynningar

## 6 Heimsókn til Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku

Framkvæmdastjóri kynnti heimsókn sem hluti starfsmanna fór í til Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku á Akureyri. Ferðin stóð í tvo daga, gist var á Húsavík. Seinni daginn var vatnsveita Norðurorku heimsótt. Þá bættust fleiri í hópinn til fundahalda við Norðurorku um ýmis praktísk mál, m.a. lagerhald og skipulag lagers. Hluti hópsins heimsótti einnig Orkustofnun/Orkusjóð á Akureyri. Heimsóknin heppnaðist ágætlega og starfsmenn reynslunni ríkari.

Til kynningar.

## 7 Verkefni í gangi / áætlanir

### a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog

Jarðvegsframkvæmdir ganga skv. áætlun. Allur búnaður hefur verið pantaður og er áætlað að hefja pípulagna- og rafmagnsvinnu við borholurnar í Búlandsá á næstu dögum. Reiknað er með að lokahús komi á staðinn, tilbúið til tengingar í fyrstu viku nóvember n.k.

### b. Fráveita á Djúpavogi

Framkvæmdum við fyrsta áfanga endurnýjunar fráveitu á Djúpavogi er að ljúka. Þessa dagana er unnið að gangsetningu dæla og hreinsibúnaðar.

### c. Vatnsveita Borgarfjarðar

Hönnunarvinna er hafin við úrbætur á tæknirými við miðlunartank. Stefnt er að framkvæmdum á vordögum 2025.

#### **d. Gerlamengun í neysluvatni í Hallormsstað**

Gerlamengun hefur mælt í vatnsveitunni í Hallormsstað. Tilkynningar hafa verið sendar íbúum um að sjóða neysluvatn, en það er hæft til baða og annarra nota en neyslu.

Heilbrigðiseftirlit er til ráðgjafar um sýnatökur og ráðstafanir. Vinna að úrbótum er hafin, búnaður hefur verið pantaður og endurbætur á miðlunartanki í undirbúningi. Vonast er til að úrbætur klárast á örfáum vikum.

### **8 Önnur mál**

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður 12. nóvember, skv. áætlun

Fundi var frestað kl. 18:40, 23. október. Þá var ólokið dagskrárliðum 2 og 5-8.

Framhaldsfundur haldinn kl. 13:00, 25. október með fjarfundabúnaði.

Fundi slitið 25. október kl. 14:41. Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.